

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar Fiskeldi ehf. Reyðarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	15.12.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Laxar Fiskeldi ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Akralind 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	450220-1400	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólöf Rún Stefánsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu sem varða heildarframleiðslu ársins 2021, skilum á ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Engin ábending var sett fram í eftirlitinu..

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Laxa í Reyðarfirði. Fiskeldisstöðin er með leyfi fyrir eldi á laxi í sjókvíum á þremur eldissvæðum, Gripalda, Sigmundarhúsi og Bjargi. Heimilt er að framleiða allt að 6.000 tonn af laxi á ári.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Muninn fódurprammi sem sökk við Gripalda í Reyðarfirði árið 2021
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladag skv. því. Tvö frávik komu fram við eftirlit árið 2021 sem varða skil á vöktunarskýrslum og geymslu maurasýru á fódurpramma og tvær ábendingar voru settar fram, sem snúa að framleiðsluáætlun árisins 2021 og skilum á vöktunarskýrslum. Brugðist hefur verið við frávikunum með fullnægjandi hætti og er þeim því lokað.

Framleiðslumagn var 10.893.094 kg á árinu 2021 sem er 4.893.094 kg umfram leyfilega hámarks framleiðslu og er því um frávik að ræða. Spilliefni, úrgangur og lyf eru geymd í viðunandi hirslum, sem og hreinsiefni.

Heildar losun fosfórs var innan marka gr. 2.3 í starfsleyfi.

Meltutankur er um borð í fódurpramma og er notast við maurasýru til að útbúa meltu úr dauðfiski. Sýrubambi er um borð í fódurprammanum og var geymdur í viðeigandi lokuðu skýli sem er með varúðamerkingum. Meltan er send til Hordafor í Noregi.

Stefnt var að því að setja út í Gripalda fljótlega eftir eftirlitið, ekkert á að setja út Bjarg. Minnt er á að skv. gr. 1.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila áður en kvíar eru teknar í notkun aftur ef starfsemin hefur tímabundið legið niðri.

Sjókvíaeldi Laxa í Reyðarfirði varð fyrir ýmsum áföllum á árinu 2021, bæði hvað varðar bústofninn og líka búnað. Þar er helst að nefna að fódurpramminn Muninn sem staðsettur var á eldisstöð fyrirtækisins á Gripalda sökk í óveðri aðfaranótt 10. janúar 2021. Eins og fram hefur komið í tilkynningum til Umhverfisstofnunar voru bæði fódur og olía um borð. Olían var fjarlægð um leið og færi gafst og ekki hlaust af mengun en fódrið sem var í lokuðum sílóum var látið eiga sig. Ákveðið var að bíða með að lyfta prammanum af hafsbotni þar til búið væri að fjarlægja allan lax af stöðinni þar sem það þótti of áhættusamt að hreyfa við festingum. Búið er að ná prammanum upp og var hann komin að bryggju á Reyðarfirði þegar eftirlitið fór fram.

Við skoðunarferð að kvíum sáust hvorki fugl né marglyttur við kvíarnar.

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að framleiða allt að 6.000 tonn á ári, heildarframleiðsla ársins 2021 var 10.893.094kg sem er talsvert yfir heimild í starfsleyfi.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Ársyfirliti var ekki skilað fyrir 1. maí, því var skilað 3. maí og hefur frávikin verið lokað.

Gr. 3.4 í starfsleyfi og 11. gr. í reglugerð nr. 851 frá 2002 um grænt bókhald.

Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí, því var skilað 3. maí og hefur frávikin verið lokað.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Ústremisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí og hafði ekki verið skilað við eftirlit.



## ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Rekstraraðili gerði athugasemd vegna frávíks um umframframleiðslu ársins 2021 og taldi rétt að geta þess að félaginu var gert að kröfu Matvælastofnunar að slátra öllum fiski eldisstöðvarinnar að Gripalda vegna ISA veiru eins fljótt og auðið er, með það markmið að hindra frekari útbreiðslu veirunnar.

Stofnunin bendir á að í eftirlitsskýrslu ársins 2021 var sett fram ábending um að framleiðsluáætlanir rekstraraðila á árinu væru langt umfram heimild starfsleyfis.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.01.2023

*Sigr. Kristinsd*

\_\_\_\_\_  
Sigríður Kristinsdóttir

